

2. fundur (nýrtrar stjórnar), haldinn fimmtudaginn 19.september 2013 og hófst hann í fundarsal Ráðhús Stykkishólms kl. 14:00

Mættir:

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi
Þór Örn Jónsson – bæjarritari Stykkishólms
AlmaDís Kristinsdóttir - safnstjóri
Þórður Magnússon - Grundarfjörður
Kristín Björg Árnadóttir - Snæfellsbær
Laufey Bjarnadóttir – Eyja- og Miklaholtsh.

Formaður stjórnar setti fundinn og bað fundarmenn velkomna. Formaður óskaði eftir framboði til ritara og bauð undirrituð sig fram sem ritari. Var síðan gengið til dagskrár.

Dagskrá fundarins:

1. Starfið í sumar

Þór fór lauslega fyrir fjármál safnsins og hvernig bókhaldi væri háttað. AlmaDís talaði um Sarp og mögulega hækkun á gjaldskrá. Einnig sagði hún að það væri vöktun á Norska húsinu frá kl. 00:00-07:00 en það vantaði vöktun á geymsluna á Reitarvegi. En hún var komin með tilboð frá vaktþjónustunni.

AlmaDís fór yfir verkefni þessa árs og síðasta með glærुकynningu. Fjölmörg verkefni og sýningar hafa farið fram og heppnast vel.

Norska húsið var tjargað í sumar og gekk það vel. Hún talaði um að hún hefði haldið 3 kynningar á Snæfellsnesi um ástandi í safninu, 2 í STY og 1 í GRF.

Varðandi skráningarmálin þá hefur lítið verið gert þar og AlmaDís lýsti yfir áhuga að fá Línu aftur til starfa í skráningarvinnu. Það þarf að hefja þessa vinnu á ný og áriðandi að stjórn vinni lausn á þessu.

Tvær sumarstöður voru í Norska húsinu 1 x 100% og 1 x 50% og gekk sumarið vel. En AlmaDís hefur lítið tekið af sumarfrí sjálf og mun reyna taka það út í október. Hún talaði um að bílastyrkur dugði ekki til hjá henni.

Heimasíða Norska hússins er ekki til að svo stöddu en notast er við Facebook til að kynna viðburði á netinu. ÞM talaði um að það þyrfti ekki mikinn tilkostnað til að koma á heimasíðu fyrir Norska húsið.

Berglind þakkaði ÖlmuDís fyrir vel unnin störf.

2. Stofnskrá fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Formaður afhenti nýja stofnskrá sem var undirrituð af viðstöddum nefndarmönnum. Hún verður síðan send til bæjarráðs/stjórnar allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til samþykktar.

3. Erindisbréf stjórnar

Formaður afhenti nefndarmönnum drög að erindisbréfi, en einnig verður það sent út til nefndarmanna og óskað eftir athugasemdum.

4. Samstarf safna á Vesturlandi

Töluverð umræða skapaðist um þá stöðu að samstaða um Norska húsið virðist vera lítil á Snæfellsnesi og er stjórn sammála um að það þurfi að vinna í því máli. Einnig var mikil umræða um möguleika á samstarfi safna á Snæfellsnesi og jafnvel Vesturlandi öllu.

5. Önnur mál

Fundur vegna deiliskipulags svæðisins sem geymslan er á verður fimmtudaginn 26. sept. Stjórn getur komið með athugasemdir. Formaður og AlmaDís munu mæta á fundinn.

Laufey yfirgaf fundinn 15:20

Þór yfirgaf fundinn 15:20

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:30

Kristín Björg Árnadóttir